

107. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 14. apríl 2020

Fundargerð

Fundurinn var í fjarfundi og hófst hann kl. 12:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Pálina Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar sem ritaði fundargerð.

Formaður stjórnar bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Fundargerð 106. fundar stjórnar til samþykktar.

Fundargerðin var staðfest og verður undirrituð næst þegar stjórn kemur saman.

2. Fundargerð framkvæmdaráðs var lögð fram til kynningar

- 7. fundur framkvæmdaráðs 17. mars 2020

3. Fundur með þingmönnum kjördæmisins

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu glærur sem farið var yfir með þingmönnum kjördæmisins á fundi þann 7. apríl sl. Fundinn sátu framkvæmdaráð ásamt Þránni Lárussyni auk framkvæmdastjóra. Farið var yfir næstu skref í áframhaldandi greiningarvinnu og upplýsingamiðlun vegna stöðu mála á Austurlandi.

4. Staða verkefna innan Austurbrúar

- Grunnrekstur Austurbrúar og skipulag í Covid 19
- Áherslur í verkefnum tengt háskóla- og rannsóknarmálum
- Áherslur í verkefnum tengt símenntun
- Áherslur í verkefnum tengd atvinnuþróunarmálum og ferðaþjónustu
- Áherslur í verkefnum tengdum sóknar- og byggðaáætlun
- Áherslur í verkefnum tengdt grunnrekstri SSA

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála í málaflokkum er tengist Austurbrú. Ljóst er að töluverð breyting fylgir því að starfsfólk starfi heiman frá sér en unnið er að öllum verkefnum þó svo að forgangsroðun innan verkefna hafi í einhverjum tilfellum breyst í ljósi Covid19 og samkomubanns. Vel hefur gengið að halda utan um starfsmannahópinn og mikil vinna er í gangi í öllum málaflokkum. Fjarfundaskipulag er gott og mikil samskipti í gangi bæði innanhúss sem og við ytra umhverfið hvort sem það er í minni eða stærri hópum.

5. Atvinnuleysi og hlutastarfaleiðin – tölfræði fyrir Austurland

Framkvæmdastjóri fór tölfræði um stöðu mála er tengjast atvinnuleysi og þátttöku í hlutastarfaleiðinni á Austurlandi. Ljóst er að umfang er meira en fyrst hafi verið búist við og líkur á að það muni aukast enn frekar í apríl. Áfram verður unnið innan Austurbrúar að bæði greiningum sem og miðlun upplýsinga auk þess að kynna úrræði sem í boði eru.

6. Önnur mál

- **Tölfræði um tekjur á Austurlandi 2008-2018 eftir atvinnugreinum**
Framkvæmdastjóri fór yfir fyrstu drög að greiningum sem Austurbrú hefur unnið byggt á tölfræði frá Byggðastofnun um tekjur á Austurlandi 2008-2018 eftir atvinnugreinum. Gert er ráð fyrir að frekari úrvinnsla eigi sér stað. Stjórn tekur undir mikilvægi þess að Austurbrú fái aðgang tímalega að gögnum og greiningum svo hægt sé að miðla því áfram inn til samstarfsaðila Austurbrúar.
- **Ársfundur Austurbrúar**
Framkvæmdastjóri fór undirbúing ársfundar Austurbrúar. Ársreikningsvinna er í gangi sem og vinna við gerð ársskýrslu sem og undirbúning málþings. Samkvæmt 7. gr. skipulagsskrár Austurbrúar kemur fram að ársfund skuli halda fyrir lok maí ár hvert. Stjórn samþykkir að undirbúa ársfund á þeim forsendum að hann verði í júní í ljósi aðstæðna vegna Covid19.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 14:30

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Pálina Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Sæunn Stefánsdóttir

Þráinn Lárusson

Hlín Pétursdóttir Behrens